

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2016.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, Stefán Haukur Jóhannesson og Matthías G. Pálsson (seinni hluta ársins) af hálfu utanríkisráðuneytisins og Sigurgeir Þorgeirsson (fyrri hluta ársins), Brynhildur Benediktsdóttir (seinni hluta ársins) og Arnór Snæbjörnsson (seinni hluta ársins) af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti. Veittur var viðbótarstyrkur til Snjólaugar Árnadóttur vegna doktorsnáms í hafrétti við Edinborgarháskóla. Enn fremur var veittur styrkur til Birgittu Kristjánsdóttur vegna meistaranáms í hafrétti við Háskólann í Tromsø, vegna skólaársins 2015-2016.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 3. – 22. júlí í ár. Hafréttarstofnun veitti þremur Íslendingum, Eyþóri Björnssyni, Gunnlaugi Geirssyni og Helgu Barðadóttur, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin þremur einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins í ár.

Forstöðumaður þáði boð um að halda kennslufyrirlestra á sviði hafréttar í eftirfarandi stofnunum á árinu: Attorney-General's Chambers of Singapore, Singapur, í febrúar; Korea Maritime Institute (KMI), Busan, Suður-Kóreu, í júní; Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í nóvember; og Diplómataskóla utanríkisráðuneytisins, í nóvember.

Forstöðumaður þáði boð um þátttöku í eftirfarandi akademískum ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: Attorney-General's Chambers of Singapore International Law Speakers' Series, Supreme Court of Singapore, Singapur, í febrúar; International Workshop, "Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction: Preparing for the PrepCom", the Centre for International Law, National University of Singapore, Singapur, í febrúar; Arctic Workshop on Frameworks for Sustainable Long-Term Cross-Border Oil and Gas Sector Management, Helsinki, Finnlandi, í apríl; Fifth International Symposium on Scientific and Legal Aspects of the Regimes of the Continental Shelf and the Area, Nanjing, Kína, í maí; 2016 Global Ocean Regime Conference: Maritime Challenges in Asia, Busan, Suður-Kóreu, í júní; Round Table on the Role of the Tribunal in the Settlement of Law of the Sea Disputes at the Meeting of States Parties, New York, Bandaríkjunum, í júní; Meeting for the

Commemoration of the 20th Anniversary of the International Tribunal for the Law of the Sea, Instituto de Derecho Internacional del CARI, Buenos Aires, Argentínu, í nóvember.

Forstöðumaður ritaði á árinu fræðigrein, “The Legal Regime for High Seas Fisheries in the Central Arctic Ocean”, sem birt verður í ritinu *International Marine Economy: Law and Policy* á árinu 2017. Forstöðumaður ritaði enn fremur inngang, “The Rule of Law of the Sea”, að ritinu *Natural Resources and the Law of the Sea: Exploration, Allocation, and Exploitation of Natural Resources in Areas Under National Jurisdiction and Beyond*, sem gefið verður út á árinu 2017.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.